

Eftirlit -Flokkun og merking - Vara til að þrifa förðunarbusta

Dagsetning	13.5.2022
Fyrirtæki	Ásvan ehf.
Heimilisfang	Efstasundi 4, 104 Reykjavík
Kennitala	6209201180
Starfsemi	Önnur smásala, ekki í verslunum, úr söluvögnum eða á mörkuðum.
Eftirlitsstaður	Hagkaup, Skeifan 15, 108 Reykjavík
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Ragnheiður Ásmundardóttir
Eftirlitsmaður	Fífa Konráðsdóttir
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit í kjölfar ábendingar
Tengiliður fyrirtækis	Ásthildur Gunnlaugsdóttir

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með efnavöru í kjölfar ábendingar þann 13.5.2022 í verslun Hagkaups í Skeifunni til að skoða vöru sem Ásvan ehf. markaðssetur og telst birgir í skilningi efnalaga nr. 61/2013. Varan reyndist ekki uppfylla kröfur sem settar eru fram í þeim lögum og reglugerðum sem falla undir umfang eftirlitsins.

MERKING HUGTAKA OG SKAMMSTAFANIR

Merking eftirfarandi hugtaka og skammstafana sem notuð eru í skýrslunni er sem hér segir:

CLP: Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og efnablandna sem innleidd er í reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna¹.

Hættuflokkun/flokkun: Flokkun skv. viðeigandi ákvæðum CLP um mat á þeim áhættum sem fylgja notkun tiltekins efnis eða efnablöndu.

MERKING

Í 32. gr. efnalaga, 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 og 1. kafla III. bálks í CLP eru ákvæði um merkingar efnavara. Af þeim ákvæðum leiðir að birgjar skulu tryggja að efni og efnablöndur sem eru tilbúin til notkunar séu merkt í samræmi við hættuflokkun þeirra. Texti merkinganna er varðar hættusetningar, varnaðarsetningar og viðvörunarorð skal vera á íslensku með ákveðnum undantekningum sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 en eiga ekki við um þær vörur sem hér eru til skoðunar.

¹ Samsett reglugerð nr. 415/2014 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Flokkun-og-merkingar/samsett-reglugerd-nr-415-2014.html>

Eftirfarandi atriði þurfa að koma fram á merkimiða í samræmi við framangreindar kröfur sbr. neðangreindar vísanir í einstök ákvæði CLP.

- Nafn, heimilisfang og símanúmer birgjis eða birgja í samræmi við a)-lið 1. mgr. 17. gr. Birgir er skilgreindur sem framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifingaraðili sem setur á markað efni, eitt sér eða í blöndu, eða setur blöndu á markað.
- Tilgreint magn efnisins eða blöndunnar í vöru sem er tiltæk almenningi (t.a.m. rúmmál) í samræmi við b)-lið 1. mgr. 17. gr.
- Vörुकenni í samræmi við c)-lið 1. mgr. 17. gr. og 18. gr. Vörुकenni eru upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á efnið eða blönduna.
 - Í tilfelli efnis: efnaheiti og CAS/EB(EC) númer þess.
 - Í tilfelli blöndu: vöruheiti og heiti allra þeirra efna í blöndunni sem hafa áhrif á flokkun hennar að því er varðar bráð eiturrhif, húðætingu eða alvarlegan augnskaða, stökkbreytandi áhrif á kímfrumur, krabbameinsvaldandi áhrif, eiturrhif á æxlun, næmingu öndunarfæra eða húðnæmingu, sértæk eiturrhif á marklíffæri (SEM) eða ásvelgingarhættu.
- Hættumerki í samræmi við d)-lið 17. gr. og 19. gr. og töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í I. viðauka.
- Viðvörðunarorð (*Varúð* eða *Hætta*) í samræmi við e)-lið 17. gr. og 20. gr.
- Hættusetningarnar í samræmi við f)-lið 17. gr. sbr. 21. gr.
- Varnaðarsetningarnar í samræmi við g)-lið 17. gr. sbr. 22. gr.
- Reitur fyrir viðbótarkerkingar ef við á sbr. 17. gr. og 25. gr.
- Formúluauðkenni (UFI kóði) skal vera skráður á UFI merkjavaka (UFI Generator) hjá Efnastofnun Evrópu (EHCA) og til staðar á vörum sem eru flokkaðar sem hættulegar og markaðssettar í fyrsta skiptið eftir 1. janúar 2021 í samræmi við lið 5 í VIII. viðauka².

Fylgja skal töflu 1 varðandi stærð hættumerkinga og rými á umbúðum undir þær.

Tafla 1: Kröfur um lágmarksstærð merkimiða og hættumerkja. Taflan samsvarar töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í I. viðauka við CLP með síðari breytingum.

Rúmmál umbúðanna	Stærð merkimiðans (mm)	Stærð hvers hættumerkis (mm)
ekki umfram 3 lítra	a.m.k. 52 × 74, ef unnt er	ekki minna en 10 × 10 a.m.k. 16 × 16, ef unnt er
meira en 3 lítrar en ekki meira en 50 lítrar	a.m.k. 74 × 105	a.m.k. 23 × 23
meira en 50 lítrar en ekki meira en 500 lítrar	a.m.k. 105 × 148	a.m.k. 32 × 32
meira en 500 lítrar	a.m.k. 148 × 210	a.m.k. 46 × 46

² <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/ufi-kodar-fyrir-efnablondur/>

ATH: Við mælingu á stærð hættumerkis skal miða við lengd á hliðum merkisins eins og sýnt er á mynd 1 sbr. kafla 4.3.2 í leiðbeiningarriti ECHA um merkingar og umbúðir í samræmi við CLP.³

KRÖFUR UM SÉRSTAKAR MERKINGAR FYRIR ÞVOTTA- OG HREINSIEFNI

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 300/2014⁴ um þvotta- og hreinsiefni skulu merkingar þvotta- og hreinsiefna, sbr. 11. gr. reglugerðar (EB) 648/2004 vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku. Falli tiltekið efni eða efnablanda undir gildissvið reglugerðar um þvotta- og hreinsiefni gilda ákvæði CLP um merkingar hættulegra efna og efnablandna sem fyrr en til viðbótar koma til eftirfarandi merkingarskilyrði varðandi þvotta- og hreinsiefni sem seld eru almenningi:

- Tilgreina skal magn innihaldsefna sem talin eru upp í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 648/2004 ef þeim er bætt við í styrk yfir 0,2% miðað við þyngd. Magnið skal gefa upp með einu af eftirfarandi styrkbilum:
 - < 5%
 - ≥ 5% - < 15%
 - ≥ 15% - < 30%
 - ≥ 30%
- Tilgreina skal innihaldsefni úr eftirfarandi flokkum þrátt fyrir að styrkurinn sé undir 0,2%:
 - ensím
 - sóttgreinsiefni
 - ljósvirk bleikiefni
 - ilmefni
 - rotvarnarefni
- Ef ofnæmisvaldandi ilmefnum sem finna má á lista í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur er bætt við í styrk yfir 0,01 % miðað við þyngd skal tilgreina þau á umbúðum með INCI heitum.
- Gefa skal upp veffang þar sem nálgast má gagnablað yfir innihaldsefni.
- Veita skal leiðbeiningar um notkun og sérstakar varúðarráðstafanir ef þörf krefur.

Jafnframt gilda ákveðnar kröfur varðandi skammtastærðir taupvottaefna en þess konar vörur féllu ekki undir umfang þessa eftirlits og verða þær því ekki raktar hér.

ÖRYGGISLOK


Ákvæði um barnheld öryggislok er að finna í lið 3.1 í II. viðauka CLP. Skyld er að setja öryggislok á umbúðir vöru sem flokkast m.t.t. eftirfarandi flokka (viðeigandi hættusetningar fylgja í sviga):

- bráð eituhrif - 1. til 3. undirflokkur (H300, H301, H302, H310, H311, H330, H331).

³ Guidance on labelling and packaging in accordance with Regulation (EC) No 1272/2008 á vef ECHA (PDF):

https://echa.europa.eu/documents/10162/23036412/clp_labelling_en.pdf/89628d94-573a-4024-86cc-0b4052a74d65

⁴ Samsett reglugerð nr. 300/2014 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/samsett-reglugerd-nr-300-2014.html>



- sértæk áhrif á marklíffæri (SEM) - 1. undirflokkur (H370, H372).
- ásvelgingarhætta - 1. undirflokkur (H304).
- húðæting - 1. undirflokkur (H314).
- Einnig á vörur með metanóli (3% eða meira) eða díklórmetani (1% eða meira).

Fylgja skal staðlinum EN ISO 8317 á endurlokanlegar umbúðir og CEN EN 862 á umbúðir sem eru ekki endurlokanlegar þegar nota skal barnheld öryggislok.

ÁPREIFANLEGAR VIÐVARANIR

Ákvæði um ápreifanlegar viðvaranir er að finna í lið 3.2 í II. viðauka CLP. Skylt er að setja ápreifanlega viðvörðun á umbúðir vöru sem flokkast m.t.t. eftirfarandi flokka (viðeigandi hættusetningar fylgja í sviga):

- bráð eiturrif - 1. til 4. undirflokkur (H300, H301, H302, H310, H311, H312, H330, H331, H332).
- húðæting (H314).
- stökkbreytandi áhrif á kímfrumur - 2. undirflokkur (H341).
- krabbameinsvaldandi áhrif - 2. undirflokkur (H351).
- eiturrif á æxlun - 2. undirflokkur (H361).
- næming öndunarfæra (H334).
- sértæk áhrif á marklíffæri (SEM) - 1. og 2. undirflokkur (H370, H371, H372, H373).
- ásvelgingarhætta (H304).
- eldfimar lofttegundir, vökvar og föst efni - 1. og 2. undirflokkur (H220, H221, H224, H225, H228).

Ápreifanlegar viðvaranir skulu uppfylla kröfur staðalsins EN ISO 11683 með áorðnum breytingum.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 13.5.2022, þar sem kynnt var eftirlit með efnavöru í kjölfar ábendingar, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram sama dag og var markmið þess að skoða hvort varan uppfylli kröfur varðandi merkingar og umbúðir, skv. reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir CLP, og merkingar þvotta- og hreinsiefna, reglugerð nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirtalinn vara sem féll undir umfang eftirlitsins var skoðuð:

Vara	Strikamerki
Mist & Co Makeup Brush Cleaner daily – Green tea / Lime	5694110078711

FRÁVIK⁵

⁵ Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í lögum eða reglugerðum

Vara	Lýsing	Birgir ⁶
Mist &Co Makeup Brush Cleaner daily – Green tea / Lime	<p>Frávik frá reglugerð (EB) nr. 1272/2008 eru eftirfarandi:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Hættusetningar í samræmi við f)-lið 17. gr og 21. gr, nánar tiltekið: <ol style="list-style-type: none"> a) Hættusetning sem fylgir H319 er ekki rétt orðuð, stöðluð hættusetning skal vera „Veldur alvarlegri augnertingu.“ b) Hættusetningin (H336): „Getur valdið sljóleika eða svima“ við innöndun vantar sbr. samræmda hættuflokkun fyrir isoprópanól þar sem varan er í spreibrúsa. 2. Hættumerki í samræmi við d)-lið 17. gr. og 19. gr. og töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í l. viðauka. Hættumerki eru einungis 0,6 x 0,6 mm en skulu ekki vera minni en 10x10 mm. 3. Staðsetning upplýsinga á merkimiðanum í samræmi við 32. gr., nánar tiltekið að hættumerki, viðvörunarorð, hættusetningar og varnaðarsetningar skulu staðsettar saman á merkimiðanum. 4. Festing merkimiða á botni vörunnar var ábótavant og staðsetning merkimiða á botni vörunnar er ekki í samræmi við 31. gr. þar sem segir að merkimiðar skuli festir vel á hliðar umbúða og skal vera hægt að lesa þá lárétt þegar umbúðirnar eru lagðar niður á eðlilegan hátt. 	

⁶ Framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifandi með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem setur efni á markað, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum.

	5. Formúluauðkenni (UFI kóði) í samræmi við lið 5 í VIII. viðauka. ⁷	
--	---	--

ÁBENDINGAR

Taka þarf fram hvaða ilmolíu, eða með INCI heitum, ef um er að ræða ofnæmisvaldandi ilmefni sem finna má á lista í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur er bætt við í styrk yfir 0,01 % miðað við þyngd í samræmi við VII. viðauka reglugerðar nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni.

Reykjavík, 7.7.2022

Fífa Konráðsdóttir

⁷ <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/ufi-kodar-fyrir-efnablondur/>